



Nefndasvið Alþingis  
b.t. velferðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 1. júní 2022

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2022-2025, 592. mál.**

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) vísa til tölvupósts velferðarnefndar Alþingis frá 18. maí þar sem óskað var umsagnar samtakanna um ofangreint mál.

Markmið tillögunnar er að móta skýra og heildstæða langtímastefnu í málefnum innflytjenda, flóttafólks og fjölmenningar sem miði að því að fólk sem sest hér að hafi tækifæri til aðlögunar og virkrar þátttöku í samfélaginu og á vinnumarkaði með það að markmiði að auka gagnkvæman skilning og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins, óháð uppruna og þjóðerni. Litið skuli til stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og þingsályktunar nr. 43/150 en sú þingsályktun snýst um að móta stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í samfélaginu.

Í stjórnarsáttmálanum segir:

*Þátttaka fólks af erlendum uppruna eykur fjölbreytileika, eflir íslenskt samfélag og menningu og er ein forsenda fyrir vexti efnahagslífsins. Tryggja þarf að innflytjendur sem hér víja búa og starfa fái tækifæri til aðlögunar og geti nýtt hæfileika sína, þekkingu og reynslu. Styðja verður sérstaklega við börn af erlendum uppruna í skólakeiðinu. Í samræmi við flóttamannasamning Sameinuðu þjóðanna á Ísland á að taka vel á móti umsækjendum um alþjóðlega vernd sem eru í hættu og eiga rétt á að komast í skjól. Mansal, félagsleg undirboð og misnotkun á erlendu starfsfólki á aldrei að viðgangast á Íslandi.*

SA taka undir að þörf er fyrir skýra og heildstæða stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í samfélaginu. Enn brýnna er þó að móta stefnu sem stuðlar að aðflutningi langskólagenginna sérfræðinga og sérhæfðs starfsfólks sem atvinnulífið, bæði einkageiri og opinberi geiri, þarfnast nú og á allra næstu árum. Fyrirliggjandi þingsályktunartillaga og þingsályktun nr. 43/150 taka ekki á ríkjandi skorti á sérhæfðu og langskólagengnu starfsfólki. Starfsfólki sem öll þróuð ríki keppast nú um að laða til sín. Þannig þarf að móta framsækna stefnu í innflytjendamálum til að auka nýsköpun, manna laus störf bæði í einka- og opinbera geiranum og auka þar með útflutningstekjur og vöxt, bæta opinbera þjónustu og styrkja velferðarkerfið. Slík stefna þarf að standa vörð um og styrkja alþjóðlega samkeppnishæfni Íslands.

Ráðast þarf strax í aðgerðir til að mæta þessum brýna vanda. Útlendingalögin heimila frjálst flæði fólks innan EES en innflutningur frá öðrum heimsálfum en Evrópu er háður miklum



takmörkunum. Breyta þarf lögum til þess að auðvelda aðflutning sérfræðinga frá ríkjum utan EES og vinna að öðru leyti með virkum hætti að því að afnema hindranir í regluverki til þess að gera umhverfið meira aðlaðandi fyrir erlenda sérfræðinga. Að mati Evrópusambandsins hefur álfan farið halloka í samkeppni við aðrar álfur um hæft starfsfólk. Innan Evrópusambandsins ríkir skortur á sérmenntuðu starfsfólki og því er líklegt að það dragi úr flutningi þess milli landa innan ESB og þar með EES. Ný stefna Evrópusambandsins (European Skills Agenda og The New Pact on Migration and Asylum) byggir á markvissum aðgerðum til að hvetja fólk með eftirsóttu færni og hæfileika til að flytjast til Evrópusambandsins og dvelja þar áfram til að styrkja vöxt og nýsköpun og viðhalda samkeppnishæfni þess. Slík stefna hefur ekki verið mótuð hérlandis.

Ísland hefur ekki mörg ár til stefnu til að bíða eftir grænbók, hvítbók og víðtæku samráði, sem hugsanlega leiða síðar meir til lagabreytinga, heldur þarf að bregðast hratt við.

### **Virðingarfyllst,**

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún Björk Gísladóttir